

Róið eins langt eftir fiskinum og roðinu

Um norræna vefnaðarlist

Listvefnaður nú á dögum er orðinn svo frábrugðinn þeim er maður hafði fyrir barnsaugum sínum, að líkja má við efnisbýltingu höggmyndarlistarinnar, er notar nú auk marmara og kopars, þræði, eirvíra, krossvið, trédrumba, steinsteypu, kaðla múrsteina og nagla, meira en hin fornu efni, er notuð voru meðan þau verk urðu einkum til í steinsmíðjum, eða tjávöruverkstæðum, ef frá er skilinn brenndur leir og góðir málmar.

Norrænar konur hafa lengi saumað og ofið úr sér augun, og listfengi þeirra var mikil allt þar til áteiknaðar myndir og úttaldir úr mynsturfabrickum meginlandsins náðu svo til allri stjórn á þessum annars frumlegu konum, og „Blái drengurinn og Hallarfrúin með vögguuna“ voru komnar í annað hvert hús þar sem eftir voru einhver augu.


Rósabæðin í stofupúðum á hundruðum heimila eru til vitnis um það, ásamt öllum klukkustrengjunum.

Stórsýning á hannyrðum.

NORDISK TEXTILTRIENNAL 1979-80 opnaði fyrir rúmu ári í Gautaborg og fór þaðan til Kaupmannahafnar, svo til Helsinki, Oslo, Þórshafnar og nú er hún í Reykjavík, þar sem hún, sbr. sýningarskrá, stendur til 4. maí næstkomandi.

Norræna veflistarsýningin var stofnuð árið 1976, og er hugsuð sem farandsýning og er ætlað að greina frá því sem efst er á baugi í vefnaði, tauverkum, og öðru er gjört er úr bandi, tuskum, eða efnum.

Ef sýning þessi er borin saman við seinustu sýningu, hefur ekki orðið mjög ör þróun á þessum árum, nema ef það væri í sjálfri handvinnunni, því þarna er að finna myndir er ofbóðleg vinna liggur í, svo jáðrar við að listamaðurinn gefi úr sér bæði augun. Aðrar myndir hafa að baki aðrar og öðruvísi vinnustundir, þar sem meira hefur verið lagt upp úr hönnun, eða teikningu en saumaskap og vefnaði. Og fjölbreytnin er mikil, þrátt fyrir að það séu tiltölulega fáar myndir sem hrófla við áður kunnum stefnum þessa listafólks. Vil ég þar nefna „Heysátu“ Maisa Turunen-Wilk lund, sem þó minnir kannski um of á Mackie Winsor, eða minimalisma, til að gefa henni hæstu einkunn fyrir frumleika, en þetta er svo indælt listaverk og haglega gjört, að það angar af sumri. Afmynd Ingilill Gullers, kallar líka fram eitt-hvað sömu ættar. Og þá má ekki gleyma „fuglahræðum“ Inghild Karlsen, sem bæði bera í sér ógn brúðunnar og seiðkvenna



Skjaldarmerki Asgerðar Búaðóttur


Shakespeares, og einhvern sjaldgæfan gáska.

Ég veit ekki hvort videigandi er hér að bera lof á íslenskar myndir, því til þess eru oftast tækifæri, en verk Asgerðar Búaðóttur eru að verða mikil stílvopn fyrir vefnaðarlistina.

Hvað er norrænn vefnaður?

Það vakti vonbrigði að aðeins ein mynd skyldi vera frá Færeijum, en þar er sams konar fé og á Íslandi, og færeyska myndin er ekki á nógu góðum stað, því hún þarf fjarlægð.

Jónas Guðmundsson MYNDLIST



Heysátu Maisa Turunen Wilklund.

Ein hugsun læðist að manni á vefnaðarsýningunni á Kjarvalsstöðum, og hafði reyndar fylgt vefnaðarsýningum um dálitið lengra skeið, en það er hin afmarkaða staða listgreinarinnar.


Veggtjöld voru áður hluti af húsbúnaði, svipað og miðstöðv ar í húsum núna, en veggtjöld þeirra er meira máttu sín voru auðvitað abúðarfyllri en hinna — „Skrjáfabi í skarlatstjöldum, skulfu kögur huldum völdum“ yrkir Einar Benediktsson. (Vonandi rétt eftir haft). Forn vefnaður, eins og hann er sýndur í bókum og söfnum, virðist greinast í tvo meginþætti mynstur og myndasögur.

Við greinum bæði þessi form á norrænu veflistarsýningunni. Myndin „Soweto“ eftir Kjell Mardon Gunnvaldsen, er nútímautgáfa af fornum pólitískum sögum í myndvefnaði. „Aamurusko“ Irja Mikkola er af mynsturættinni (Dæmi af handahófi).

Þó á hin forna greining ekki alfarið við lengur, að því er virðist. Sum verkanna væri t.d. auðveldara að mála með öllu eða vatnslit. Vefnaðarlistin er þá komin út úr veflistinni inn í málninguna, ef þannig má orða það, og maður spyr sig í hjartans einlægni, hvernig á að varðveita heysátuna hennar Maisa? Á að ryksuga hana og hella í hana eitri daglega til að drepa möl? Mætti gera hana úr kopar?

Þannig spyr maður sig. Því það er nefnilega talsvert atriði að taumyndun og garnmyndum, sé haldið utanvið önnur myndlistarsvið. Eiginleikar efnisins verða að njóta sín í hverju verki, eiga þar einir heima.

Við getum t.d. nefnt sumar af höggmyndum Sigurðs Ólafssonar. Hann heggur prófessor í stein. Steinninn verður yndis-



Stormur Jette Brønnum

legt verk, er ber í sér persónu fyrirmyndarinnar, en er samt áfram steinn í brimsöng í fjöru, eða ruðningi í jökulöldu. Margar trjámyndir Sigurðs eru áfram rekaviður, þótt sporjárn og skaraxir hafi komist í treð.

Þannig á myndvefnaður og annar vefnaður líka að vera, eða halda sig. Efni og andi eiga að sameinast. Það er að minnsta kosti óþarfi að vera að þrjóna olíumálverk, meðan nóg er af málningu í landinu. Konur með augu og fingur úr gulli eiga að gera annað, líka menn, sem fást við hannyrðir og vefnað.

Annad er svo hitt, að næst væri gaman að fá hugmyndir um það, hvernig svona vefjarlist er ætluð heimilunum. Á að ganga á svona finum teppum? Þola þau mikil ljós? En ég spyr af því að það virðist einfaldasti hlutur í heimi að skilja það, að venjulegar myndir eiga að vera uppi á vegg, og það væri vel þegið ef ábendingar kæmu um það hvernig skarlatstjöldin á að nota í algengum íbúðum, en ekki er sagt eitt orð um það lengur og eigum við þó orð eins og veggteppi, gólfteppi, rúmteppi og gluggatjöld.

Hvar á að hafa teppi?

Í fátæktarbælum Suður-Ameríku hefi ég séð herbergjaskipan ákvarðaða með dúkum og teppum, og reyndar sums staðar á Ítalíu líka. Ofurlitil leiðsögn um varðveislu og not væri vel þegin, ef almenningi er þessi list ætluð til heimilisnota og brúks.

Auðvitað gera allir sér grein fyrir því, að vefnaður, ofinn fyrir sýningar, sérstaklega, lýtur dálitið öðrum lögmálum en heimilisþorsta fyrir myndlistarverk. Sagt var í Vesturbænum, að maður ætti að éta roðið af fiskinum, einfaldlega af því að róið var eins langt eftir roðinu og fiskinum. Þannig greining eftir notagildi virðist eiga við um myndvefnað, eða getur gert það. Effitt virðist t.d. að koma fyrir regnbogateppinu stóra hennar Yosi Anaya nema í brunastöð þar sem eru turnar fyrir slöngur (13 metra langt), en til mikils yndisauka er það óneitanlega á sýningu.

Jónas Guðmundsson.



Ein úr fuglahræðufjölskyldunni frá Inghild Karlsen.

Minning Helgi Ingvarsson fyrrverandi yfirlæknir á Vífilstöðum

Helgi Ingvarsson, fyrrverandi yfirlæknir á Vífilstöðum, er látinn, 83 ára að aldri.

Ungur gerðist hann aðstoðarlæknir við Heilsuhælið á Vífilstöðum árið 1922, en yfirlæknir var hann þar frá 1939 til 1967, þegar hann lét af störfum vegna aldurs. Var starfstími hans á Vífilstöðum samtals orðinn 45 ár.

Á þessu tímabili og þá sérstaklega síðari árin náðist mikill árangur í lækningum berklaveikinnar með tilkomu nýrra lyfja, sem ullu gjörbreytingu í þessum efnum. Óskin margþræða, sem allir biðu eftir, var orðin að veruleika.

Helgi Ingvarsson var gæfumaður í öllum sínum störfum, hann var vinsæll og hafði virðingu allra. Óskir hans og athafnir beindust allar í þá átt að verða öðrum að liði.

Þegar lítið er yfir farinn veg og framfarir í heilbrigðismálum hér á landi, mun þess lengi verða minnst, hve stóran hlut Helgi Ingvarsson átti í þeim efnum.

Í lok heimsstyrjaldarinnar hafði Helgi forystu um endurnýjun og uppbyggingu húsnæðis á Vífilstöðum, en þá kreppti mjög að um húsrými fyrir sjúklinga og starfsfólk. Þá voru á skömmum tíma reistar sex nýjar byggingar auk ýmissa breytinga og endurbóta á eldra húsnæði. Þá var vinnudagur Helga oft æði langur, þegar hann hafði frumkvæði við uppbyggingu staðarins samhliða erilssömu yfirlæknisstarfi.

Nú þegar Helgi Ingvarsson er



allur, finn ég mig knúinn til að setja fram þökk mína til hans fyrir yfir fjörtíu ára samstarf við Heilsuhælið á Vífilstöðum, samstarf sem aldrei bar skugga á, en fyrstu árin, sem ég starfaði á Vífilstöðum, vorum við sambýlismenn í búshúsinu svo nefnda, þar fæddust börnin og uxu úr grasi sem einn stór systkinahópur, svo mikil og nán voru kynni fjölskyldna okkar.

Slík vináttutengsl eru ómetanleg og fyrir þau vil ég þakka.

Eiginkonu og börnum Helga flyt ég samúðarkveðju mína og fjölskyldu minnar, þeirra er missirinn stærstur og sárastur.

Björn Konráðsson.



Eiginmaður minn og faðir okkar

Gunnar Jónatansson

Laugateig 17
fyrirv. formaður og ráðunautur Búnaðarsambands Snæf. og Hnappadalssýslu lést í Landsspítalanum að morgni 19. apríl.

Hildur Vigfúsdóttir, Anna Gunnarsdóttir, Óskar H. Gunnarsson, Vigfús Gunnarsson.

Eiginmaður minn,

Helgi Ingvarsson,

fyrirum yfirlæknir á Vífilstöðum,

verður jarðsúnginn frá Dómkirkjunni þriðjud. 22. apríl kl. 13.30.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir. Fyrir hönd barna okkar og annarra vandamanna

Guðrún Lárusdóttir.

Eiginkona mín, systir, móðir og tengdamóðir

Ingibjörg Helgadóttir,

Bauganesi 17, Reykjavík

verður jarðsúngin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 23. apríl kl. 10.30.

Einar Þorsteinsson, Oddný Helgadóttir, Markús A. Einarsson, Hanna S. Hálfánardóttir, Elín Einarisdóttir, Þorsteinn Hjaltason, Sigríður H. Einarisdóttir, Aðalsteinn Pétursson, Helga Þ. Einarisdóttir, Friðrik Þorsteinsson.

Hjartans þakkir sendum við þeim er sýndu okkur samúð og vinahug vegna fráfalls

Höllu Jónsdóttur

frá Kollslæk.

Aðstandendur.

Alúðar þakkir sendum við starfsfólki Sjúkrahúss Húsa- vikur fyrir alla umönnun í veikindum sonar okkar og bróður

Friðfinns Sigurðssonar,

Rauðskriðu.
Ennfremur öllum þeim fjölmörgu sem sendu okkur blóm og samúðarkveðjur til minningar um hinn látna. Guð blessi ykkur öll.

Hulda Kristjánsdóttir, Sigurður Friðfinnsson og systkini hins látna.